

Bréf ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð 44
(ágrip). — Með bréfi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að konungur hefði 29. jan. sam- 31. jan.
þykkt, að Jónas bóndi Jónsson á Stóra-Vatnshorni í Haukadal í Dalasýslu, eig-
andi Stóra-Vatnshorns með tilheyrandi kirkju, hefði makaskipti á kirkjujörðinni
Skinnpúfu í Haukadal ásamt 2 landskikum fyrir sunnan Haukadalsá undan
Stóra-Vatnshorni og bændaeygninni Litla-Vatnshorni í Haukadal, þannig að hin
fyrnefnda jörð og landskikar eptirleidis álitist sem önnur bændaeygn, að því er
skattskyldu snertir, en hin síðarnefnda sem kirkjueygn.

Bréf ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um mæling á uppsigling á 45
Hvammsfjörð. — Í sambandi við bréf hjeðan, dags. 1. marz f. á., læt jeg ekki 21. febr.
hjá liða þjónustusamlega að gefa yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegar vit-
undar, að jeg hefi fengið tilkynningu frá sjóliðsstjórn ríkisins um, að hún sakir
sjerstakra atvika geti ekki látið framkvæma hina eptiræsktu mæling á uppsigling
á Hvammsfjörð á þessu ári, þótt fje það, sem ætlað hefur verið til mæling-
arinnar, sje í sjálfu sjer nægilegt. Til þess að hægt verði að framkvæma áminnst
starf að ári er því nauðsynlegt að ný fjárveiting til þess verði tekin upp á fjár-
lagatrumvarpið fyrir næsta fjárhagstímabil.

Staðfesting konungs útgefin að mandatum í venjulegu formi af ráðgjafan- 46
um fyrir Ísland á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og munaðar- 25. marz
leysingjum í Rangárvallasýslu.

Skipulagsskráin hljóðar svo:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og munaðarleysingjum í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum, sem voru 31. okt. 1894
orðin 550 kr., og skal ávaxta sjóðinn í söfnunarsjóðnum.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða, heldur skal auka hann á þann hátt,
er nú skal greina:

- a. Með því að leggja árlega $\frac{1}{4}$ allra vaxta við höfuðstólinn.
- b. Með því að leggja við höfuðstólinn gjafir, sem sjóðnum kunna að
verða gefnar.

3. gr.

Þrjá fjórðu af vöxtum sjóðsins skal halda sjer og safna saman þannig,
að ávallt megi til þeirra taka þegar þörf er á, og þegar mikið manntjón kemur
fyrir skal verja vöxtum þessum til að styrkja ekkjur og börn, einkum sjó-
druknadra manna og þeirra manna sem farast vofeiflega eða deyja á bezta
aldri, og sem á dánardægri eiga lögheimili í Rangárvallasýslu, þó svo, að ekki
sje veittur styrkur til manna í Austur-Eyjafjallahreppi, fyrr en samskot hafa
fengizt úr þeim hreppi, að tiltölu við aðra hreppa sýslunnar.

17. dag maímán 1895

46

25. marz

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu skal hafa á hendi aðalumsjón sjóðsins, og skal hún kjósa stjórn sjóðsins, úrskurða reikninga o. s. frv.

5. gr.

Sýslunefndin skal kjósa 3 menn í stjórn sjóðsins til þriggja ára, og ef einhver fellur frá eða gengur úr stjórninni, skal sýslunefndin kjósa í hans stað í stjórnina.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal gangast fyrir samskotum til sjóðsins, þegar henni þykir henta, semja reikninga sjóðsins og leggja þá árlega fyrir sýslunefndina til úrskurðar, og skal jafnframt lögð fyrir hana söfnunarsjóðsbók sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal og veita styrk samkvæmt ákvæðum 3. gr.

7. gr.

Amtsráð Suðuramtsins hefur eptirlit með, að skipulagsskrá sjóðsins sje ekki brotin.

8. gr.

Þegar sýslunefnd Rangárvallasýslu í einu hljóði ákveður svo og amtsráð Suðuramtsins samþykkir, má verja vöxtum þeim, sem nefndir eru í 3. gr., árlega til styrkveitinga.

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar. Fyrir hönd samskotanefndarinnar.

Árbæ í Holtum, 31. okt. 1894.

Páll Briem.

47

21. febr.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um breyting á gjöldum þeim er hvila á jafnaðarsjóðunum. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 20. sept. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um breyting á gjöldum þeim, er hvila á jafnaðarsjóðunum, sem borið var upp af þingmanna hálfu og samþykkt á aukapinginu 1894, og miðar frumvarp þetta að því, að ljetta sumpart af jafnaðarsjóðunum sumpart af bæjarsjóði Reykjavíkur eptirfyljandi gjöldum:

1. kostnaði við kennslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra m. m.
2. kostnaði við bólusetningar og
3. kostnaði við sáttamál,

þannig að gjöld þessi sjeu eptirleidis greidd úr landssjóði.

Þjer hafið viðvikjandi frumvarpi þessu tekið fram, að þingið hafi, síðan það fjeck hlutdeild í löggjafarvaldinu, ljetta af jafnaðarsjóðunum fjölda mörgum greiðslum, er áður hvíldu á þeim, og lagt þær á aðra sjóði, sjerstaklega landsjóðinn, með ýmsum lagaboðum, nefnilega lögum nr. 27 17. desbr. 1875, lögum nr. 30 s. d., lögum nr. 9, 11. febr. 1876, kosningalögum nr. 14. sept. 1877, lögum nr. 19, 2. nóv. 1877, lögum 12 júlí 1878 og lögum 21. sept. 1883; að amtsjafnaðarsjóðirnir, ef útgjöldum þeim sem um ræðir í 1.—3. gr. frumvarpsins, einnig